

Fundur í Beta deild mánudaginn 7. apríl haldinn í Háskólnaum á Akureyri í nýrri aðstöðu kennaradeildar. Mættar voru 22 konur.

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerðir síðustu funda lesnar.
4. Erindi frá stjórn.
5. Önnur mál.
6. Heimsókn í Freyjulund til Aðalheiðar Eysteinsdóttur listakonu.
7. Pyngjan góða og happdrætti. Jónína Hauksdóttir fékk síðast vinning.

1. Fríða kveikti á kertum og Jónína bar fyrir kveðjur frá fjarstöddum konum og fól undirbúningsnefndinni umsjón fundarins en það voru þær: Aníta, Rósa Kristín, Eygló, Ragnheiður Sig. og Fríða.

2. Rósa Kristín var með orð til umhugsunar og sagði okkur frá listakonunni og myndhöggvaranum Gerði Helgadóttur sem fæddist 11. apríl 1928 og lést 17. maí 1975 aðeins 47 ára að aldri. Hún var mikill listamaður og átti mikla og viðburðaríka ævi og eftir hana standa mikil og falleg listaverk úti í hinum stóra heimi og einnig hér á Íslandi s.s steindir gluggar í Kópavogskirkju, Hallgrímskirkju í Saurbæ og Skálholtskirkju. Einnig gerði hún mósaíkverkið sem er á Tollstöðvarhúsinu við Tryggabraut í Reykjavík en það var afhjúpað 7. september 1973. Rósa las fyrir okkur úr bókinni Gerður : ævisaga myndhöggvara eftir Elínu Pálmadóttur og hvatti okkur að lesa þá bók og kynnst þessari einstöku listakonu hennar, stórbrotnum listamannsferli og lífi.

3. Fundargerð síðasta fundar og óhefðbundna bókafundarins voru lesnar og samþykktar með örlitlum breytingum.

4. Ingibjörg Auðuns var með minningarorð um Margréti Albertsdóttur en hún lést mánudaginn 24. febrúar á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri. Margrét var ein af stofnendum Delta Kappa Gamma á Akureyri og átti góða og viðburðaríka ævi. Hún lærði m.a. gullsmíði og til fóstru og kenndi við Lundarskóla í 22 ár. Hún var glaðleg og létt í lund, hlý, góð og ákveðin. Við minnumst hennar með söknuði og þakklæti í huga fyrir vel unnin störf í okkar þágu og þökkum henni samfylgdina.

5. Jónína kynnti fyrir konum tillögur að verklagsreglum þegar andlát ber að innan Betadeildar og ætlar að leggja þær fyrir á aðalfundi.

6. Rætt var um ráðstefnugjaldið á vorþingið á Ísafirði en það er greitt úr sjóði Beta deildar og dagskráin er komin á netið.

7. Pyngjan góða lätin ganga og dregið í happdrættinu og Jónína Hauksdóttir fékk enn og aftur vinninginn.

8. Lagt var af stað frá Háskólanum og lá leiðin til Aðalheiðar Eysteinsdóttur listkonu í Freyjulundi Hörgárbyggð. Þar sagði hún okkur frá sér og manni sínum Jóni Laxdal og þeirra list og fengu konur að skoða sig um og spjalla við listamennina. Að því loknu fóru konur heim, sælar eftir skemmtilega heimsókn.

Fundi var slitið áður en lagt var af stað til Aðalheiðar.